

Ár 2008, mánudaginn 14. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2007**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækinu **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 20. nóvember 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. nóvember 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 10. desember 2007. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. desember 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Sóknaraðili ítrekaði kröfur sínar með bréfi, dagsettu 17. desember 2007. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 7. janúar 2008, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá sóknaraðila. Bárust umbeðin gögn með bréfi hans, dagsettu 10. janúar 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. desember 2007 og 14. janúar 2008.

II.

Málsatvik.

Í júní 2007 efndi færeyska hlutafélagið **A**, til hlutafjárútboðs og bauð eigandi og seljandi hlutafjárins, **B**., til sölu 6.000.000 hluti í bankanum að nafnvirði 20 danskar krónur. Hafði **C**, hf. umsjón með hlutafjárútboðinu hér á landi í umboði seljanda. Sóknaraðili óskaði eftir milligöngu varnaraðila um gerð tilboðs í kaup á hlutum fyrir allt að 2.000.000 danskar krónur, auk þess sem eiginkona hans og tvær dætur voru hver fyrir sig skráð fyrir sams konar tilboði. Varnaraðili gerði hins vegar ekki tilboð fyrir hönd hvers þeirra um sig, heldur gerði í eigin nafni tilboð fyrir hönd sóknaraðila og annarra viðskiptamanna sinna. Var markaðsviðskiptadeild varnaraðila skráð fyrir 4.000.000.000 íslenskra króna fyrir hönd 75 viðskiptavina, þ.á m. sóknaraðila, og eignastýringardeild varnaraðila fyrir 100.000.000 íslenskra króna fyrir 100 viðskiptavinum í eignastýringu.

Eftirspurn reyndist langt umfram framboð og var hlutum því deilt niður á þá, sem gert höfðu tilboð í samræmi við ákvæði útboðslýsingar. Fékk varnaraðili úthlutað

12.000.000 íslenskra króna að markaðsverðmæti fyrir hvorn hóp viðskiptavina sinna. Var hlut markaðsviðskiptadeildar skipt jafnt niður á þá 75 viðskiptavini sem óskað höfðu eftir því að skrá sig fyrir hlut. Eignastýringardeild varnaraðila deildi sínum hlut út í þeim hlutföllum sem viðskiptavinir höfðu skráð sig fyrir.

Sóknaraðili, kona hans og tvær dætur fengu hvert um sig 60 hluti til kaups. Með úrskurði nefndarinnar 25. október 2007 í máli nr. 8/2007, sem reis af sömu atvikum, var komist að þeirri niðurstöðu að sóknaraðili í því máli og aðrir í fjölskyldu hans, sem skráðir höfðu verið fyrir hlutum, hefðu átt að fá 271 hlut hvert, ef réttilega hefði verið staðið að málum af hálfu varnaraðila. Var varnaraðila með úrskurði nefndarinnar gert skylt að afhenda sóknaraðila þess máls vegna hvers þeirra 211 hluti að nafnverði 20 danskar krónur í A, gegn greiðslu á 189 dönskum krónum fyrir hvern hlut. Sóknaraðila mun í framhaldinu hafa boðist sambærileg úrlausn máls síns. Hann hafnaði því með rafpósti 15. nóvember 2007 og taldi að miða ætti við fyrsta skráða gengi hins færeyska félags, sem var 243 danskar krónur fyrir hvern hlut. Sættir tókust ekki með aðilum.

Málið barst úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 20. nóvember 2007.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili telur sig eiga rétt á að varnaraðili afhendi honum þau bréf sem honum hafi borið og að varnaraðili kaupi þau á fyrsta skráða gengi A, 243. Kveður hann kröfuna sanngjarna, enda hafi hann orðið af möguleika á að selja hlutina á enn hærra verði eða allt að 262,5.

Sóknaraðili vísar til stuðnings máli sínu til 9. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33, 2003.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður tilboð sitt til sóknaraðila hafa verið í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 8/2007 og telur að ljúka eigi málinu með þeim hætti sem þar greinir. Hafi sóknaraðila því verið boðið að fá afhenta 211 hluti í A, fyrir hverja kennitölu á hans vegum í útboðinu gegn greiðslu á 189 dönskum krónum fyrir hvern hlut. Hafi önnur mál verið afgreidd með þessum hætti og varnaraðili aukinheldur boðist til að selja hlutina samdægurs og greiða viðskipavinum sínum mismun á útboðsgenginu 189 og markaðsgengi þegar viðskipin eiga sér stað að frádreginni sölupóknun.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ekki deilt um skyldu varnaraðila til að bæta fyrir mistök við skráningu tilboða í nafni sóknaraðila, eiginkonu hans og tveggja dætra í hlutafjárútboði A, í Færeyjum. Hefur varnaraðili boðist til að gera sóknaraðila eins settan og ef hann og aðrir í fjölskyldu hans hefðu verið réttilega skráðir fyrir tilboði að fjárhæð 2.000.000 danskar krónur. Ágreiningslaust er að sóknaraðili gat einungis keypt 60 hluti í nefndu félagi fyrir 189 danskar krónur hvern hlut eða samtals 11.340 danskar krónur fyrir sig og hvert hinna í fjölskyldu sinni, en með réttu hefðu 271 hlutur átt að koma í hlut hvers þeirra. Hefur sóknaraðila í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 8/2007

verið boðið að fá afhenta 211 hluti vegna hvers þeirra eða samtals 844 hluti (4 x 211) að nafnverði 20 danskar krónur í **A**, gegn greiðslu á 189 dönskum krónum fyrir hvern hlut eða samtals 159.516 (4 x 39.879) dönskum krónum. Sóknaraðili vill hins vegar að uppgjör aðila miðist við verðmæti hlutanna á fyrsta viðskiptadegi þess, þ.e. 243, þ.e.a.s. eins og hann hefði keypt 844 hluti til viðbótar á genginu 189 og selt þá á fyrsta viðskiptadegi á genginu 243.

Samkvæmt framansögðu þykir mega skilja málatilbúnað sóknaraðila svo að hann krefji varnaraðila um mismun á verðmæti 844 hluta í **A**, miðað við fyrsta skráða gengi félagsins, 243, annars vegar, og gengi í hlutafjárútboði félagsins, 189, hins vegar. Verður krafa sóknaraðila því skilin svo að hann krefist 45.576 (844 x 54 d.kr.) danskra króna úr hendi varnaraðila. Skilja verður málatilbúnað varnaraðila svo að hann krefist þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Með margnefndum úrskurði í máli nr. 8/2007 var komist að þeirri niðurstöðu að varnaraðila bæri að gera viðskiptavin sinn jafnsettan og ef rétt hefði verið staðið að skráningu tilboðs hans í hluti í **A**, í Færeyjum. Hið sama á við um tilvik sóknaraðila. Hefði verið rétt að verki staðið af hálfu varnaraðila hefði sóknaraðili átt að geta keypt 844 fleiri hluti í félaginu gegn greiðslu á 189 dönskum krónum fyrir hvern þeirra. Ekki eru efni til að víkja frá efnislegri niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 8/2007 eða miða við annað gengi en þar var gert, sem var það gengi sem hlutafjárútboðið miðaðist við. Frá skráningu bréfanna í kauphöll hefur gengi þeirra sveiflast frá 153 til 262,5 og er nú nokkuð lægra en útboðsgengi. Ekkert liggur fyrir um hvort sóknaraðili hygðist selja bréf sín eða annarra í fjölskyldu sinni á fyrsta viðskiptadegi eða hafi gert ráðstafanir þar að lútandi. Verður úrlausn málsins því ekki við það miðuð.

Samkvæmt framansögðu verður að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, **M**, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, er hafnað.

Reykjavík, 14. janúar 2008.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson